

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Nýtt deiliskipulag við Hamranes.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 29. ágúst 2012 nýtt deiliskipulag fyrir efnistökusvæði við Hamranes.

Tillagan felur í sér að gengið verði frá aflagðri efnisnámu við Hamranes. Svæðið sem eru tæpir 14 ha verður mótað og grætt upp svo það nýtist til útivistar og sem skíða- og sleðabrekka. Jafnframt er gert ráð fyrir að mögulegt verði að setja upp leiktæki, bekki og borð. Aðeins er heimilt að nota ómengduð náttúruleg jarðefni og garðaúrgang til landmótunar svæðisins. Losun hrossataðs á svæðinu verður háð samþykki framkvæmdasviðs Hafnarfjarðar.

Farið var með deiliskipulagið samkvæmt 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og barst ein athugasemd.

Gögn afhent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 18. september 2012,*

**Bjarki Jóhannesson**, sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi.